

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

2004020011  
9140

Reykjavík, 8. mars 2004

/--

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008**

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis dags. 5. febrúar sl. þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008. Tillagan felur í sér að á næstu fimm árum skuli vinna að friðlýsingu fjórtán svæða ásamt því að vinna að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Skipulagsstofnun fékk drög að náttúruverndaráætlun til umsagnar frá Umhverfisstofnun sl. sumar og gaf umsögn um þau með bréfi dags. 10. júní 2003 (sjá fylgiskjal).

#### **Náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá**

Í fyrri umsögn Skipulagsstofnunar um drög að náttúruverndaráætlun var m.a. vakið máls á gildi náttúruverndaráætlunar gagnvart ákvörðunum um landnotkun og mannvirkjagerð og tengslum náttúruverndaráætlunar og náttúruminjaskrár.


Náttúruverndaráætlun eins og hún er sett fram í endanlegri tillögu umhverfisráðherra virðist vera ætlað að þjóna sem fimm ára framkvæmdaáætlun um friðlýsingar, fremur en sem listi yfir allar þær náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eins og má lesa úr ákvæðum 66. gr. náttúruverndarlaga um efni náttúruverndaráætlunar og drög Umhverfisstofnunar virtust miða að. Eftir sem áður verður heildstæð samantekt/stefna um þau svæði sem ástæða er talin að vernda sett fram í náttúruminjaskrá sem umhverfisráðherra auglýsir í Stjórnartíðindum. Þannig virðist vera gert ráð fyrir að samband þessara áætlana verði þannig að öll þau svæði sem talin eru verndar verð séu sett fram í náttúruminjaskrá af umhverfisráðherra, en síðan leggi umhverfisráðherra fram tillögu fyrir Alþingi á fimm ára fresti um hver þessara svæða skuli friðlýst á næstu árum. Í fyrirliggjandi tillögu nær náttúruverndaráætlun til áforma um friðlýsingar á fimm ára tímabili, en náttúruverndarlög mæla ekki fyrir um til hversu langs tímabils náttúruverndaráætlun skuli taka, eingöngu að ráðherra skuli leggja fram slíka áætlun á fimm ára fresti og að hún skuli fjalla um náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa.

Í tillögu að náttúruverndaráætlun er ekki útskýrt hver bein áhrif náttúruverndaráætlunar verða á ákvarðanir um landnotkun og framkvæmdir, þ.e. þar til viðkomandi svæði hafa verið friðlýst. Þar virðist vera gengið út frá að skráning svæðanna á náttúruminjaskrá eigi að segja fyrir um það, en um svæði á náttúruminjaskrá gildir að sveitarfélög skulu fjalla

sérstaklega um þau í skipulagsáætlunum sínum og leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir innan þeirra ef hætta er á að þær spilli viðkomandi náttúruminum.

#### **Tillögur um friðlýsingar einstakra svæða**

Tillaga að náttúruverndaráætlun gerir ráð fyrir friðlýsingu fjórtán svæða. Í greinargerð með tillögunni er náttúrufari svæðanna lýst og stuttlega vikið að núverandi landnotkun. Ekki er hinsvegar fjallað um fyrirhugaða landnotkun skv. gildandi skipulagsáætlunum né heldur hvaða áhrif friðlýsing sé líkleg til að hafa á núverandi og fyrirhugaða landnotkun á svæðunum. Skipulagsstofnun telur ástæðu til að frummat á þessu liggi fyrir og sé kynnt með tillögu að náttúruverndaráætlun, sem ein af þeim forsendum sem taka þurfi tillit til þegar ákvörðun er tekin um að unnið skuli að friðlýsingu eins svæðis öðrum fremur.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Hjálagt: Bréf Skipulagsstofnunar til Umhverfisstofnunar dags. 10. júní 2003

Umhverfisstofnun  
Árni Bragason  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2003

/--

## **Efni: Drög að náttúruverndaráætlun**

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 13. maí sl. þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að náttúruverndaráætlun.

Skipulagsstofnun fagnar því að fram skuli vera komin tillaga að náttúruverndaráætlun. Reynsla af framkvæmd skipulags- og byggingarlaga og laga um mat á umhverfisáhrifum hefur að mati Skipulagsstofnunar leitt í ljós hversu þýðingarmikið er að til grundvallar skipulagsgerð sveitarfélaga og ákvörðunum um framkvæmdir liggi leiðarljós ríkisins varðandi ráðstöfun lands til nýtingar og verndar. Það varðar bæði almenna skipulagsstefnu af hálfu ríkisins og stefnu ríkisins í einstökum málaflokkum eða geirum, eins og um náttúruvernd.

Í þessari umsögn verður fyrst dregið á nokkur atriði sem varða náttúruverndaráætlun almennt, en síðan er kaflaskiptingu tillögu að náttúruverndaráætlun fylgt til að koma á framfæri ábendingum varðandi efni einstakra kafla tillögunnar.

### **1. Almenn um náttúruverndaráætlun**

#### ***Almenn stefna ríkisins um náttúruvernd***

Stefnumörkun tillögu að náttúruverndaráætlun varðar nær eingöngu staðbundna stefnu um friðlýsingu tiltekinna svæða eða tegunda. Nær engin almenn stefna er sett fram um leiðarljós fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og framkvæmdir um umgengni okkar við landið m.t.t. náttúruverndar. Skipulagsstofnun saknar þess að svo sé ekki og telur að náttúruverndaráætlun eigi að geta verið vettvangur fyrir slíka stefnu og að þörf sé á slíkri stefnu vegna skipulagsgerðar og ákvarðana um einstakar framkvæmdir. Skipulagsstofnun vísar í þessu sambandi til almennra stefnumiða um umgengni við náttúru landsins í lögum um náttúruvernd og stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

### ***Gildi og framkvæmd náttúruverndaráætlunar***

Stefna tillögu að náttúruverndaráætlun felur eins og áður segir fyrst og fremst í sér tillögur að friðlýsingu tiltekinna svæða eða tegunda, en einnig nokkur almennari stefnumið.

Náttúruverndaráætlun er fimm ára áætlun, frá árinu 2003 til ársins 2008. Samkvæmt 1. mynd í tillögu að náttúruverndaráætlun lýkur málsmeðferð náttúruverndaráætlunar með afgreiðslu Alþingis á henni sem þingsályktun.

Varðandi framkvæmd áætlunarinnar og áhrif hennar á landnotkunarákvarðanir vakna nokkrar spurningar:

- Mun þingsályktunin fela í sér bindandi forsendur fyrir ákvarðanir sveitarfélaga og annarra aðila um landnotkun og framkvæmdir, eða mun hún fela í sér ákveðin viðmið sem skipulagsyfirvöld og leyfisveitendur hafa fyrst og fremst pólitíska og siðferðilega skyldu til að taka tillit til?
- Varðandi stefnu náttúruverndaráætlunar um friðlýsingar, þá felur hún væntanlega í sér, að fenginni afgreiðslu Alþingis, að á næstu 5 árum beri umhverfisráðuneyti/ Umhverfisstofnun að vinna að friðlýsingu þeirra 172 tegunda og 77 svæða sem fjallað er um í náttúruverndaráætlun. Hvaða gildi hefur afgreiðsla þessara friðlýsingartillagna sem þingsályktunar fyrir ákvarðanir um landnotkun og mannvirkjagerð fram að því að viðkomandi svæði og tegundir verða formlega friðlýst?

### ***Tengsl náttúruverndaráætlunar og náttúruminjaskrár***

Í tillögu að náttúruverndaráætlun er víða vikið að gerð náttúruminjaskrár með þeim orðum að ákveðið hafi verið að fresta útgáfu nýrrar náttúruminjaskrár þar til lokið væri við gerð þessarar fyrstu náttúruverndaráætlunar. Í ljósi þess að náttúruverndaráætlun virðist fyrst og fremst ætlað að marka samskonar stefnu og náttúruminjaskrá er ekki að fullu ljóst hvernig þessi tvö tæki eiga að spila saman. Skipulagsstofnun telur þurfa að skýra gildi hvors fyrir sig, ekki síst gagnvart skipulagsyfirvöldum og leyfisveitendum.

### ***Skipulagsferli náttúruverndaráætlunar***

Í formála tillögu að náttúruverndaráætlun er vikið að því að friðlýsing geti skert athafnafrelsi verulega og því sé stefnt að því að friðlýsa ekki svæði nema fyrir liggja fullt samþykki landeigenda og rétthafa viðkomandi lands. Í kafla 2.4 og á 1. mynd er lýst skipulagsferli náttúruverndaráætlunar. Spurningar vakna um hvort aðkoma almennings og þeirra sem kunna að eiga hagsmuna að gæta sé nægilega tryggð í þessu ferli. Er þá bæði haft í huga að tillagan felur nær eingöngu í sér staðbundna stefnu um friðlýsingu og ákvæði Árósasamningsins um þátttöku almennings í áætlanagerð um umhverfismál.

### ***Umfang stefnu um náttúruvernd***

Í tillögu að náttúruverndaráætlun er víða vikið að verndun menningarsögulegra minja. Skipulagsstofnun telur þá umfjöllun sýna fram á nauðsyn þess að skýrt sé skilgreint hvar náttúruverndarstefna á vegum umhverfisráðuneytis og stefna um menningarminjavernd á vegum menntamálaráðuneytis mætast eða hugsanlega skarast. Skipulagsstofnun minnir á að samkvæmt lögum um þjóðminjavernd fellur búsetulandslag, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki, gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð til fornleifa. Samkvæmt þjóðminjalögum fer Fornleifavernd ríkisins með skráningu allra þekkra fornleifa í landinu og ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar.

Í 6. kafla tillögunnar bregður fyrir stöku stefnuyfirlýsingu sem ætla má að falli utan við umfang náttúruverndarstefnu sem slíkrar sbr. eftirfarandi dæmi:

- ... Vegir og allir vegslóðar verði settir á aðalskipulagsuppdrætti sveitarfélaga og fái þar umfjöllun. ... (í 5. mgr. kafla 6.3)
- ... Auk þess sem skógrækt í þessum tilgangi þarf að byggjast á góðum rannsóknum sem sýna fram á raunverulegan ávinning þess að binda kolefni með skógrækt við þær aðstæður sem hér eru. (í 5. mgr. í síðari kafla nr. 6.6)
- ... mikilvægast er að sjálfbær ferðamennska sé höfð að leiðarljósi við alla skipulagningu. ... (í kafla 6.8)

### ***Uppbygging náttúruverndaráætlunar***

Tillaga að náttúruverndaráætlun er sett fram í 9 kafla greinargerð og 21 viðauka. Stefna um friðlýsingar svæða og tegunda er sett fram í 8. kafla og viðaukum I-XVI. Nokkuð er óljóst hvort aðrir kaflar greinargerðarinnar eiga fyrst og fremst að lýsa forsendum þeirrar stefnu sem fram kemur í 8. kafla og viðaukum, eða hvort þar er ætlunin að setja fram almenna náttúruverndarstefnu. Hér verða tekin nokkur dæmi um efni sem gæti átt að lýsa stefnu áætlunarinnar, en staðsetning þess og framsetning vekur spurningar um hvort svo er:

- ... nauðsynlegt er að yfirfara einstök svæði sem falla innan skilgreiningar um ósnortin víðerni og meta hvað skuli teljast víðerni ... (í 4. mgr. kafla 6.3)
- ... Litir og útlit skála skuli falla vel að umhverfi á ferðamannatíma. ... (í 5. mgr. kafla 6.3)
- ... er engin ástæða til að ætla annað en að í framtíðinni verði meira af votlendi endurheimt og að tekið verði meira tillit til votlendissvæða við framkvæmdir. ... (í 2. mgr. í fyrri kafla af tveimur nr. 6.6)
- ... Það er því enn meiri ástæða til að fara varlega í skógrækt á votlendissvæðum. ... (í 3. mgr. í síðari kafla nr. 6.6)
- ... Það þarf að fara varlega í notkun innfluttra tegunda þar sem afleiðingar notkunar þeirra er alls ekki þekkt við aðstæður hér á landi. ... (í 4. mgr. í síðari kafla nr. 6.6)
- ... Við skipulag þeirra framkvæmda þarf sömuleiðis að taka tillit til verndunar líffræðilegrar fjölbreytni og náttúruverndar almennt. ... (í 5. mgr. í síðari kafla nr. 6.6)
- ... Stjórnvöld þurfa að marka stefnu um hvaða svæði skuli tekin frá fyrir komandi kynslóðir. ... (í 3. mgr. kafla 6.7)
- ... Við skipulagningu ferðamannastaða þarf að taka sérstakt tillit til þess að ekki er víst að öll útivist eigi vel saman. ... (í kafla 6.8)

## **2. Um einstaka kafla tillögu að náttúruverndaráætlun**

### ***Um 2. kafla: Hugmyndafræði og verklag***

Í tillögunni er kynnt til sögunnar nýtt hugtak í skipulagsmáli, „viðfang“ (ft. „viðföng“). Það virðist vera notað um „efni“ eða „viðfangsefni“ áætlunarinnar, þ.e. náttúruminjar landsins. Skipulagsstofnun veitir því upp hvort sérstakt tilefni er til að bæta nýju hugtaki í hugtakafloðu skipulagsmálanna og vekur athygli á að skv. íslenskri orðabók á orðið „viðfang“ sér fyrir tvær aðrar merkingar, þ.e. „viðureign“ þegar orðið er notað í eintölu, sbr. „að vera illur viðfangs“ og „nauðsynjar, forði, vistir“ þegar orðið er notað í fleirtölu.

Í 1. töflu eru settir fram 6 flokkar „viðfanga“ sem eru: Jarðmyndanir, vatnafar, líffræðileg fjölbreytni, landslag, víðerni og menningar- og söguminjar. Skipulagsstofnun vill af því tilefni velta því upp hvort ekki sé eðlilegra að líta á víðerni sem „undirviðfang“ landslags.

Sama má segja um menningar- og búsetulandslag (þ.e. menningar- og söguminjar).

Í 2. kafla er fjallað nokkuð um hugmyndafræði og viðmið sem verndartillögur byggi á. Varðandi flest „viðfanga“ og viðmiða sem fjallað er um, er um að ræða náttúruvísindalegar aðferðir með vísan til undirliggjandi pólitískrar stefnumörkunar. Þar sem helst skortir á að grundvöllur sé skýr er varðandi landslag (þ.m.t. víðerni). Um forsendur verndarhugmynda um landslag segir að þær byggi á „... sjónrænu mati, þ.e. ef svæði er almennt talið sérstaklega fallett, stórfenglegt, hrikalegt, sveipað dulúð o.s.frv. ...“ (bls. 15). Skipulagsstofnun telur þörf á því að faglegur og pólitískur grundvöllur mats á verndargildi landslags sé betur útskýrður og útfærður í áætluninni.

Í 2. kafla (2.4. og í skýringartexta 1) er m.a. fjallað um búsvæðatilskipun Evrópusambandsins og Natura 2000 svæði í sömu andrá og fjallað er um Bernarsamninginn og Emerald Network. Þar sem Íslendingar eiga ekki aðild að búsvæðatilskipuninni og Natura 2000, ólíkt Berndarsamningnum og starfsemi undir hans formerkjum, er eðlilegt að það komi skýrt fram þegar til búsvæðatilskipunarinnar er vísað. Sama gildir um landslagssáttmála Evrópuráðsins sem vikið er að í skýringartexta 1.

Í 2. kafla (2.4.) er lýst „æskilegu“ verklagi við gerð náttúruverndaráætlunar. Óljóst er hversvegna þetta er eingöngu sett fram sem „æskilegt“ en ekki sem endanlegt, ákveðið verklag, í ljósi þess að þetta skjal er sett fram af forsvarsaðilum tillögugerðarinnar. Einnig er ekki alveg ljóst hvort þetta verklag á eingöngu að vísa til þessarar útgáfu af náttúruverndaráætlun, eða vinnslu náttúruverndaráætlana til einhversrar framtíðar.

Á 1. mynd er sýnt skipulagsferli náttúruverndaráætlunar. Skipulagsstofnun vill koma á framfæri eftirtöldum ábendingum vegna hennar:

- Landslagi virðast ekki gerð skil í 1. þrepum ferlisins líkt og öðrum „viðföngum“.
- Gert er ráð fyrir umhverfisþingi í skipulagsferli náttúruverndaráætlunar. Ekki verður séð að fjallað sé um hlutverk umhverfisþings við gerð náttúruverndaráætlunar í texta tillögunnar, en full þörf er á því að mati Skipulagsstofnunar.
- Þátttaka umhverfisráðuneytisins í gerð náttúruverndaráætlunar er samkvæmt myndinni sambærileg við þátttöku fagstofnana og sveitarfélaga. E.t.v. væri ástæða til að skýra betur hver þáttur ráðuneytisins í vinnslu tillögunnar er, þar sem vinna við náttúruverndaráætlun er formlega á vegum umhverfisráðherra.
- Á myndinni er ekki að sjá skýra aðkomu almennings og félagasamtaka (nema þá í gegnum umhverfisþing).
- Á myndinni kemur fram að tillaga að náttúruverndaráætlun verði lögð fram á Alþingi til þingsályktunar. Ekki verður séð að fjallað sé um þetta atriði í texta tillögunnar, en full þörf er á því að mati Skipulagsstofnunar.

### ***Um 5. kafla: Friðlýsingar náttúruminja á Íslandi***

Í 5. kafla er fjallað um hvernig staðið er að undirbúningi friðlýsingar. Athygli vekur að þar virðist ekki vera gert ráð fyrir þátttöku sveitarstjórna, sem er sá aðili sem fer með skipulag landnotkunar og hlýtur sem slíkur að þurfa að eiga aðild að ákvörðunum um friðlýsingar og reglum sem gilda um friðlýst svæði. Skipulagsstofnun minnir á að skv. 59. gr. laga um náttúruvernd eiga sveitarstjórnir aðild að slíkum málum.

### ***Um 6. kafla: Landnotkun og náttúruverndaráætlun***

Í kafla 6.1 (síðustu 3 mgr.) er fjallað um þörf á því að sett sé fram heildstæð skipulagsstefna af hálfu ríkisins. Skipulagsstofnun tekur undir það, en stofnunin vinnur einmitt um þessar mundir að rannsóknarverkefni um hlutverk og ferli

landsskipulagsgerðar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að skilgreining náttúruverndar sem landnotkunarflokks (sjá kafla 6.2) er ekki í samræmi við þá hugmyndafræði sem skilgreining landnotkunarflokka í skipulagsreglugerð byggir á. Samkvæmt henni felur náttúruvernd í sér „takmarkanir á landnotkun“, en landnotkun viðkomandi svæðis hlýtur hinsvegar að skilgreinast út frá þeim notum sem það er ætlað til, s.s. útivistarsvæði eða landbúnaðarsvæði svo dæmi séu tekin.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að í kafla 6.2 er meðhöndlun hugtaksins „landnýting“ ekki í samræmi við þá skilgreiningu sem lagt er upp með í kafla 6.1.

Skipulagsstofnun telur tilefni til að koma á framfæri nokkrum ábendingum við 8. töflu:

- Grunntónn sjálfbærrar þróunar er samtvinnun félagslega, efnahagslegra og náttúrufarslegra þátta við þróun samfélags. Því vakna spurningar um hvort fremur er tilefni til að geta sjálfbærrar þróunar sem skýringar við náttúruvernd, heldur en við aðra flokka sem fjallað er um í töflunni.
- Í samræmi við það sem áður segir telur Skipulagsstofnun vafa leika á hvort menningarminjavernd skuli talin upp sem skýring undir náttúruvernd.
- Skipulagsstofnun vekur athygli á að ýmissar landnotkunar sem haft getur áhrif á náttúru landsins s.s. þauleldis dýra (aliræktar), almenns iðnaðar og orkudreifingar er ekki getið í töflunni og að stóriðja virðist ekki eiga heima með orkuvinnslu m.v. þær skýringar sem gefnar eru við þann flokk.

Vegna tillagna í kafla 6.4 um merkingu vega og vegslóða og víðerna á aðalskipulagsuppdráttum vill Skipulagsstofnun benda á eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun telur vafa á að tilefni sé til að kortleggja alla vegi og vegslóða í aðalskipulagi. Skipulagsstofnun telur eðlilegra að kröfur um vegakerfi í aðalskipulagi lúti áfram að meginsamgöngukerfi viðkomandi sveitarfélags, en að öðrum vegum sé fremur gerð skil í deiliskipulagi einstakra svæða.
- Varðandi kortlagningu víðerna, þá er þar um tiltekna landslagseiningu að ræða sem velta má fyrir sér hvort ekki eigi fremur að gera skil í náttúruverndarstefnu. Ef gera á kröfu um að víðerni séu kortlögð í aðalskipulagi, væri eðlilegt að gera kröfu um það í skipulagsreglugerð og kortlagning þeirra fæli þá væntanlega eingöngu í sér forsendugreiningu en ekki stefnu. Einnig er vakin athygli á að víðerni kunna oft að liggja yfir sveitarfélagamörk.

### **Um 8. kafla: Framsetning tillagna og verndaraðgerðir**

Athuga þarf skýringar við 26. mynd þar sem segir að fylgt sé kjördæmaskiptingu landsins.

Fyrir skipulagsgerð og landnotkunarákvarðanir er afar mikilvægt að náttúruverndarákvæði séu þannig sett fram að skýrt sé hverskonar takmarkanir þau fela í sér varðandi landnotkun og mannvirkjagerð. Nokkuð hefur í gegnum tíðina skort á að skýrt sé hvaða þættir verndarsvæðis helst njóta verndar og hverskonar mannvirkjagerð eða nýtingu ber að forðast vegna hennar. Skipulagsstofnun fagnar þeim breytingum sem orðið hafa á framsetningu tillagna að friðlýsingum frá því sem verið hefur í náttúruminjaskrá. Þó virðist akkúrat þessum þætti, þ.e. skýrum skilaboðum um takmarkanir á landnotkun, enn vera nokkuð áfátt. Það er helst að sjá að þeim eigi að gera skil undir fyrirsögninni „Röskun, ógn, úrbætur“. Skipulagsstofnun minnir á að skv. lögum um náttúruvernd á í friðlýsingu að kveða á um að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar og kveða á um umferðar- og veiðirétt. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að tillaga að slíkum ákvæðum sé

lögð fram samhliða friðlýsingartillögum.

Í inngangi 8. kafla kemur fram að 68 af þeim 77 svæðum sem gerð er friðunartillaga um í tillögunni séu nú þegar á náttúruminjaskrá. Um þau gildir að þau hafa þegar verið auglýst í Stjórnartíðindum. Því vekur spurningar það sem segir í kafla 8.2.3, þ.e. að mörk svæða séu dregin með fyrirvara.

Skipulagsstofnun bendir á að upplýsingar um landfræðileg mörk friðlýstra svæða og annarra náttúruminja sem rétt þykir að vernda þurfa að vera skýr, svo takmarkanir á heimildum til framkvæmda séu ljósar.

### **9. Framkvæmd**

Skipulagsstofnun telur bagalegt að umfjöllun um framkvæmd náttúruverndaráætlunar hafi ekki legið fyrir á umsagnartíma tillögunnar. Ljóst er að framkvæmd náttúruverndaráætlunar hlýtur með einum eða öðrum hætti að lenda á herðum margra aðila, ekki síst skipulagsyfirvalda. Einnig verður að ætla að kostnaður við framkvæmd áætlunarinnar sé nokkur og tilefni sé til að gera að einhverju leyti grein fyrir honum þegar stefnan er afgreidd.

  
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir